

Umboð og upplýst samþykki

Nafn _____ Kennitala _____

Sími _____ Netfang _____

Undirritaður félagsmaður í Eflingu-stéttarfélagi, veitir hér með Eflingu umboð til að vinna í að leysa ágreining við atvinnurekanda sinn. Í umboði þessu felst heimild fyrir Eflingu til að gera kröfur fyrir hönd félagsmannsins um hvaðeina sem fellur undir hagsmunagæslu stéttarfélagsins og reka mál félagsmannsins fyrir dómstólum, gerist þess þörf. Er umboð þetta gert í tveimur eintökum og fær félagsmaður Eflingar afhent annað eintakið. Heimilt er að undirrita umboðið rafrænt með rafrænum skilríkjum.

Fyrirtæki _____ Kennitala _____

Netfang _____

Með undirritun sinni:

- Samþykkir félagsmaðurinn að Efling taki við persónuupplýsingum um hann sem geta innihaldið almennar og viðkvæmar persónuupplýsingar, vinni með gögnin og upplýsingarnar, miðli gögnunum til þriðja aðila, visti gögnin með rafrænum og hefðbundnum hætti í skjalakerfi stéttarfélagsins, vinni með gögnin eins og þurfa þykir og eyði þeim að notkun lokinni.
- Staðfestir félagsmaðurinn að upplýsingar hans á mínum síðum séu réttar og uppfærðar.
- Heimilar félagsmaður Eflingu að sækja gögn um hann, til þriðja aðila, gerist þess þörf til að vinna í máli félagsmanns.

Fáist krafa félagsmanns ekki greidd eftir innheimtuaðvörun eða með samningum við vinnuveitanda. Þá veitir undirritaður Ásgeiri Helga Jóhannssyni lögmanni kt. 250677-5379 og Atlas innheimtu ehf. kt. 461022-1180 umboð til þess vinna með gögn félagsmanns samkvæmt umboði þessu og innheimta kröfu hans, eftir atvikum með aðstoð dómstóla, semja um kröfuna og taka við greiðslum fyrir hönd félagsmanns.

Á heimasíðu Eflingar má sjá persónuverndarstefnu og upplýsingar um persónuverndarfulltrúa stéttarfélagsins á slóðinni, <https://www.efling.is/um-eflingu/personuvernd/>

Með því að undirrita þetta skjal þá staðfesti ég að hafa lesið og skilið skilmálana hér að ofan.

Undirskrift félagsmanns

Vottar að undirritun og réttri dagsetningu:

Staður og Dagsetning

Nafn og Kennitala

Nafn og Kennitala